



UST

Umhverfisstofnun

Skipulagsstofnun  
Auður Ýr Sveinsdóttir  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík

4. mars 2004

Tilvísun: UST20040300018/bs

### **Endurbygging Brekkuselsvegar að skíðasvæði Dalvíkur, Dalvíkurbyggð. Tilkynning um matsskyldu.**

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 27. febrúar sl. þar sem óskað er álitis Umhverfisstofnunar á matsskyldu ofangreindrar framkvæmdar að teknu tilliti til 3. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Um er að ræða endurbyggingu núverandi vegar sem að hluta liggur um fólkvanginn í Bökkvisstaðafjalli. Markmið með stofnun fólkvangsins var að tryggja almenningi möguleika á útivist í fögru umhverfi. Umhverfisstofnun telur að fyrirhuguð framkvæmd samræmist markmiðum friðlýsingarinnar, þar sem framkvæmdin er í þágu útivistar og skíðaiðkunar.

Efni til framkvæmdarinnar 9.400 m<sup>3</sup> verður sótt í opna námu, efnishauga og skeringar. Framkvæmdin mun hafa lítil áhrif á jarðmyndanir, gróðurfar og dýralíf þar sem fyrirhugað framkvæmdasvæði fylgir að mestu núverandi vegi og ekki er um stórar skeringar að ræða.

Ekki er talin hætta á röskun náttúruminja vegna framkvæmdarinnar.


Umhverfisstofnun telur ekki líklegt að framkvæmdin muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Framkvæmdin er háð leyfi Umhverfisstofnunar samkvæmt 38. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd og auglýsingu nr. 432/1994 um stofnun fólkvangs í Bökkvisstaðafjalli.

Umhverfisstofnun heimilaði framkvæmdina fyrir sitt leyti með bréfi dags. 8. október 2003.

Virðingarfyllst,

  
Björn Stefánsson

  
Helgi Jensson